

*Öxarfjarðarskóli*

# Starfsáætlun

2021-2022



*Vinátta - Jákvæðni - Virðing*

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Námskrá .....	4
Stjórnskipulag .....	4
<b>Skipurit</b> .....	5
Skólareglur Öxarfjarðarskóla .....	5
Hagnýtar og tölulegar upplýsingar .....	5
Skóladagatal 2021-2022 .....	5
Vettvangsferðir .....	7
Árshátíð og Vogleði .....	7
Litlu jól .....	7
Grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla – Fjöldi eftir bekkjum .....	8
Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla .....	9
Karellen .....	9
Foreldrasamstarf .....	10
Starfsmannamál leikskóladeildar .....	10
Faglegar áherslur leikskólans .....	10
Fjölbreyttur nemendahópur .....	11
Minnislisti við móttöku nýrra nemenda .....	11
Nemendafélag/nemendaráð .....	11
Skólaakstur .....	12
Skólabílstjórar: .....	12
Tímasetning skólabíla .....	12
Reglur í skólabílum: .....	12
Ófærð – afboðun skóla .....	13
Tilhögun kennslu .....	13
Samþætting námsgreina og kennsluaðferðir .....	13
Námsgögn .....	14
Leyfi, veikindi og forföll nemenda .....	14
Skólamötuneyti .....	14
Sundnámskeið .....	14
Starfsfólk .....	14

Móttaka nýrra starfsmanna .....	15
Þagnarskylda starfsmanna.....	15
Ráð og teymi .....	15
Skólaráð Öxarfjarðarskóla .....	15
Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla.....	16
Skipan nemendaverndarráðs .....	17
Áfallaráð Öxarfjarðarskóla .....	17
Áfallaáætlun .....	17
Öryggistrúnaðarmaður .....	18
Stoðþjónusta.....	18
Skólalþjónusta.....	18
Keldan .....	19
Starfsfólk Keldunnar .....	19
Barnavernd.....	19
Skólaheilsugæsla.....	19
Foreldrafélag.....	20
Samstarf Öxarfjarðarskóla við Tónlistarskólann á Húsavík .....	20
Samstarf við Grunnskóla Raufarhafnar.....	20
Flæði milli skólastiga.....	20
Val á unglingastigi - haustönn .....	21
Snillismiðja .....	21
Tölvuleikjahönnun - Unity.....	21
Kórstarf .....	21
Þróunarstarf og endurmenntun.....	21
Samstarf við Þekkingarnet Þingeyinga .....	22
Starfsþróun.....	22
Aðstaða og búnaður .....	23
Innra mat .....	23
Ytra mat – Úttekt .....	23
Fundir, undirbúnings- og starfsdagar .....	24
Fundaáætlun starfsmannafunda.....	25
Öryggi og varnir.....	26

## Almennt um skólann

Öxarfjarðarskóli leik- og grunnskóli

Lundi í Öxarfirði

Sími:465-2244

Netfang: [hrund@nordurthing.is](mailto:hrund@nordurthing.is)

Heimasíða: <http://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/>

Skólinn er opinn frá 7.45-16.00

Skólastjóri er Hrund Ásgeirsdóttir

Öxarfjarðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli frá haustinu 2008. Grunnskóladeildin er í Lundi. Leikskóladeildirnar eru tvær, í Lundi og á Kópaskeri en sú deild verður lokuð í vetur vegna mannekle. Öxarfjarðarskóli er fámennur skóli og því er um samkennslu árganga að ræða. Í vetur verður teymiskennsla innleidd í skólanum og deildirnar verða einungis tvær; yngri deild (1.-4.bekkur) með 13 nemendur og eitt kennarateymi og svo eldri deild (5.-9.bekkur) með 13 nemendur og annað kennarateymi sem heldur utan um þann hóp.

## Námskrá

Skólanámskrá Öxarfjarðarskóla fyrir [leik-](#) og [grunnskólastig](#) er í endurskoðun og stefnt að því að henni ljúki sumarið 2022.

Aðalmarkmið skólanámskrár er að gefa ljósa mynd af þeim starfsháttum, áherslum og stefnum sem endurspeglast í skólastarfinu. Auk þess er þar töluvert af hagnýtum upplýsingum sem þægilegt er að hafa aðgengilegar á einum stað. Slíkar upplýsingar geta þó aldrei verið tæmandi og við munum halda áfram að senda fréttakorn um starf skólans beint til foreldra og á vef Öxarfjarðarskóla.

## Stjórnskipulag


Lögum samkvæmt er skólastjóri forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, ber ábyrgð á starfi hans og veitir honum faglega forystu. Þar sem Öxarfjarðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli er leikskóladeild þar undir. Deildarstjóri leikskóladeildar veitir deildunum faglega forystu og skipuleggur starfið með sínu starfsfólki. Í fjarveru skólastjóra munu kennarar taka við stjórninni en ef um lengri fjarveru er að ræða, mun fræðslufulltrúi stíga inn með lausnir.

Skólastjóri og teymin vinna saman og halda reglulega fundi þar sem farið er yfir stöðu mála hverju sinni og bera þess á milli saman bækur sínar um einstök mál. Öxarfjarðarskóli leggur mikla áherslu á mikilvægi umsjónarkennara námshópanna og í ár eru fleiri kennarar sem gegna hlutverki umsjónarkennara enda felur teymiskennslan í sér samábyrgð.

Í vetur mun sami skólastjóri stýra Grunnskóla Raufarhafnar og Öxarfjarðarskóla. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs. Skólastjóri hefur viðveru á Raufarhöfn einu sinni í viku.

# Skipurit

## Skipurit Öxarfjarðarskóla



## Skólareglur Öxarfjarðarskóla

- Verum tillitssöm og virðum hvert annað
- Hjálpumst að við að skapa öruggt umhverfi í skólanum
- Nýtum tímann okkar vel og virðum vinnufrið í kennslustundum
- Verum ávallt stundvís í kennslustundir og skólabíl.
- Göngum vel um eitur skólans og annarra.
- Gsm eða snjallsímar eru hvorki leyfðir í skólanum né í íþróttahúsi.
- Öll notkun tóbaks og hvers kyns vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum, í nágrenni hans og í ferðum á vegum skólans.
- Hvers kyns hluti, s.s eldfæri og hnífa sem beita má sem vopnum, er bannað að koma með í skólann.

## Hagnýtar og tölulegar upplýsingar

### Skóladagatal 2021-2022

Skóladagatal 2021-2022 [má skoða hér](#). Sú breyting hefur nú verið ákveðin af Menntamálaráðuneytinu að samræmd próf í þeirri mynd sem þau voru, verða lögð af á haust- og vorönn. Að þessu sinni verður skólaárinu skipt upp í lotur þar sem eitt samþætt þemaverkefni verður tekið fyrir í hvert sinni og lýkur lotunni með sýningu. Þetta á einnig við um árs hátíð og vorgleði nemenda en þar verður lotan tileinkuð þeim verkefnum. Sjá skóladagatal lotuskipt hér:

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M		1 F Lota 1 endar	1 M HAUSTFRÍ	1 M Fúðisdagurinn	1 L Láskvöldur	1 Þ	1 Þ Þringidagur	1 F VORGLEÐI	1 S Þringidagurinn	1 M
2 M Þringidagurinn	2 F	2 L		2 Þ Lota 3	2 F	2 S	2 M	2 M Þringidagur	2 L	2 M	2 F
3 Þ	3 F	3 S		3 M	3 F Lota 3 endar	3 M SKIPLAGSDAGUR	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M	4 L		4 M Kynning	4 F	4 L	4 Þ Lota 4	4 F Lota 4 endar	4 F SKIPLAGSDAGUR	4 M Lota 7	4 M	4 L
5 F	5 S		5 Þ Lota 2 áskráðar	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F	6 M		6 M	6 L	6 M Kynning	6 F Þringidagurinn	6 S	6 S Dagur ískólans	6 M	6 F	6 M Áskráðingurinn
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 Þ Jólafári	7 F	7 M Lota 5	7 M Foreldrasamtöl	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M Dagur ískólans	8 F	8 M Þringidagurinn	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 S	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 M	9 S	9 M	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S		10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S Þringidagurinn	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M SKIPLAGSDAGUR	11 F	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 F Lota 5 endar	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ Foreldrasamtöl	12 M	12 L	12 M	12 Þ	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Þringidagurinn
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 Þ	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 Þ	14 M	14 M Kynning	14 F Þringidagurinn	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 L	15 M	15 Þ	15 Þ	15 Þ Lota 6 Varghátid	15 F Þringidagurinn	15 S	15 M
16 M UNDIRBÚNINGUR	16 F Dagur ískólans	16 L	16 M	16 F Dagur ískólans	16 F LITLU JÓL	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M Lota 7 endar	16 F
17 Þ UNDIRBÚNINGUR	17 F	17 S	17 M	17 L	17 M	17 Þ	17 F	17 F	17 S Þringidagurinn	17 Þ Kynning	17 F Fúðisdagurinn
18 M UNDIRBÚNINGUR	18 L	18 M	18 F	18 L	18 M	18 Þ	18 F ENDURMENNTUN	18 F	18 M Áskráðingurinn	18 M ATVINNUMENNADAGUR	18 L
19 F UNDIRBÚNINGUR	19 S	19 M	19 Þ	19 M	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F ATVINNUMENNADAGUR	19 S
20 F UNDIRBÚNINGUR	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F Þringidagurinn	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 L	22 M	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 S	22 M	22 F
23 M SKÓLASETNING	23 F	23 L Þringidagurinn	23 M	23 F	23 S	23 M	23 S	23 M	23 L	23 M	23 F SKÓLASLIT
24 Þ Lota 1	24 F	24 S	24 M	24 L	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 M	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 L	25 M
26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 L	26 Þ	26 L	26 L	26 M	26 F	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 Þ	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 M	28 L	28 M	28 Þ	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 L	29 M	29 Þ	29 M	29 M	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 M	30 F	30 S	30 M	30 S	30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ		31 S		31 M	31 F	31 M	31 F	31 F		31 Þ	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlýðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

- Undirbúningsdagar kennara eru 16.-20. ágúst
- Skólasetning 23.ágúst
- Dagur íslenskrar náttúru er tvöfaldur dagur, þ.e. farið verður í vettvangsferð og dagurinn verður lengri en hefðbundinn skóladagur
- Skipulagsdagar á starfstíma skóla eru 5; 11.október, 3.janúar, 18.febrúar, 4.mars og 23.maí en þann dag eru skólaslit
- Foreldrasamtöl fara fram eftir hefðbundinn kennsludag. Á haustönn eru foreldrasamtöl 12.október en 7.mars á vorönn. Tvöfaldur dagur
- Skólaferðalag 1. – 7. bekkja í nóvember. Þetta skólaár fara 1.-7. Bekkir Öxarfjarðarskóla og Grunnskólans á Raufarhöfn, saman í skólaferðalag. Tvöfaldur dagur
- Bekkjarskemmtanir fara fram á haust- og vorönn og er skipulag þeirra í höndum umsjónarkennara í samvinnu við nemendur.
- Foreldrafundur verður haldinn í október.
- Haustfrí skólans er 29.október og 1.nóvember - 4 samfelldir dagar
- Árshátíð Öxarfjarðarskóla verður 28.október og er sameiginleg með Grunnskóla Raufarhafnar, haldin í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Tvöfaldur dagur.
- Baráttudagur gegn einelti er þann 8.nóvember
- Dagur íslenskrar tungu er 16.nóvember.
- Fullveldisdagur Íslands, 1. desember.
- Litlu jólin verða haldin 16.desember. Tvöfaldur dagur
- Jólafrí hefst 18.desember og stendur til 3.janúar, alls 16 dagar
- Starfsdaginn 3. janúar 2022, verður m.a. undirbúningur vorannar.
- Vorgleði verður haldin 1.apríl. Tvöfaldur dagur
- Páskaleyfi hefst 9.apríl og lýkur 18.apríl, alls 10 dagar

- **Atvinnuþema** verður 18-20.maí. Á þessum dögum gefst nemendum tækifæri til að kynna sér atvinnulíf á svæðinu.
- **Skólaslit** verða 23. maí.
- **Skólaferðalag unglingsstígs** verður á vorönn
- **Undirbúnings-og frágangsdagar** kennara 24., 25. og 27.maí

## Vettvangsferðir

Dagur náttúrunnar, 16.september, er tvöfaldur á skóladagatali. Farið verður í Þjóðgarðinn og gengið annars vegar frá Vesturdal í Ásbyrgi með eldra stigið og hins vegar gengið inn í Ásbyrgi frá Gljúfrastofu með nemendur yngri deildar. Starfsfólk þjóðgarðsins sér um leiðsögn og fræðslu.

## Árshátíð og Vorgleði

Í fyrra var stigið það skref að halda sameiginlega árshátíð Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar í Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Stefnt er að því aftur núna á haustönn og árshátíðin verður haldin þann 29.október. Það er orðin hefð að elstu börn leikskólans taki virkan þátt í árshátíðinni og stígi þar á svið með grunnskólanemendum. Vorgleði er svo á vorönn 2022, stefnt er á 1.apríl. Á Vorgleði sjá nemendur um undirbúning veitinga og skemmtiatriða, sjá um að þjóna gestum til borðs og stíga á svið með allskyns upplestur, tónlist og skemmtun.

## Litlu jól

Á litlu jólunum söfnumst við öll saman og borðum hátíðamat í matsal og eldri börn grunnskólans taka að sér yngri skjólstæðing og hafa sér við hlið. Í öllum þessum samskiptum á sér stað heilmikill lærdómur og þjálfun á margs konar færni.

## Grúnskóladeild Öxarfjarðarskóla – Fjöldi eftir bekkjum

	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17	2017-18	2018-19	2019-20	2020-2021	2021- 2022
<b>bekkur.</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>	<b>nem</b>
1. n	1	4	2	3	5	2	3	1	3	4	5	1	3
2.	5	0	4	2	3	5	2	2	1	3	4	5	1
3.	4	5	0	4	2	3	5	2	2	1	3	4	5
4.	6	4	5	0	4	3	3	5	3	2	1	3	4
5.	4	5	4	4	0	4	3	3	4	2	3	1	3
6.	3	4	5	4	4	0	4	2	2	4	2	3	1
7.	3	3	4	5	4	4	0	4	3	1	4	2	3
8.	9	3	5	3	5	3	4	0	5	3	1	4	2
9.	6	9	2	5	3	5	3	4	0	5	3	1	4
10.	8	6	9	2	5	4	5	3	3	0	5	3	0
saamt	49	43	40	32	35	33	32	26	26	25	31	27	26

26 nemendur í grúnskóladeild skólaárið 2021-22.



## Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla

Leikskólinn Krílakot var stofnaður á Kópaskeri 1985. Í fyrstu var hann rekinn af foreldrum en um 1990 tók sveitarfélagið við rekstri hans. Leikskólinn í Lundi var stofnaður 1993. Deildirnar voru sameinaður undir eina stjórn 2003.

Leikskólinn hóf samstarf árið 1992 við grunnskólann um verkefnið „Brúum bilið“ og hefur það staðið óslitið síðan. Markmiðið er að skapa samfellu í starfi skólanna og að börnunum líði vel þegar þau flytjast á milli skólastiga.

Öxarfjarðarskóli er í dag heildstæður skóli þar sem grunnskóladeild og leikskóladeild eru ein heild í skólanum.

	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16	2016-17	2017-18	2018-19	2019-20	2020-21	2021-2022
Lundur	22	17	16	16	8	10	9-10	11-12	10-12	12-13	10	13	22
Kópasker						3-4 börn	4	4	3-4	4-5	6	6	0
Samt	22	17	16	16	8	13-14	13-14	15-16	13-16	17-18	16	19	22

Þar sem ekki var hægt að manna leikskóladeildina á Kópaskeri í haust vegna manneklu, var börnum þaðan boðin vistun í leikskóladeildinni í Lundi. Með því margfaldaðist fjöldi barna og mikið af árgömlum börnum að hefja vistun eða alls 5.

Skólaárið 2021-22 verða því alls 22 börn í vistun í leikskóladeildinni og þá verða 14 börn á aldrinum 1 – 3 ára, þar af 4 fædd 2020 (og eitt fætt 2021) og 8 börn á aldrinum 4-5 ára.

Samfara auknum fjölda barna, þarf aukið rými og er handmenntastofa grunnskólans tekin undir starfsemi leikskólans í vetur og leikskólanum deildaskipt í eldri og yngri deild. Þrátt fyrir að ein skólastofa hafi verið tekin í gagnið, er enn glímt við plássleysi og er nauðsynlegt að bæta úr því ef áframhaldandi fjöldi barna verður sambærilegur. Það horfir illa með forstofuna þar sem hún er full af vögnum og afar brýnt er að bæta úr því með vagnaskýli sem var samþykkt hjá skipulags- og framkvæmdaráði að byggja. Reiknað er með að hægt verði að sækja um vistun aftur næsta vetur fyrir börn á leikskóladeildinni á Kópaskeri.

## Karellen

Ákveðið var að taka til prufu fram að áramótum skráningarkerfið Karellen <https://karellen.is/> sem heldur utan um upplýsingar um börnin og þar er einnig hægt að koma skilaboðum til foreldra sem og myndum af börnunum í skólastarfinu. Reiknað er með því að áframhald verði á áskrift kerfisins.

## Foreldrasamstarf

Foreldrar taka virkan þátt í aðlögun barna sinna í um viku tíma og fá þeir upplýsingar frá leikskólanum um tilhögun og fyrirkomulag aðlögunar. Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar sinnum yfir árið en foreldrum er velkomið að hafa samband þegar þurfa þykir. Dagleg samskipti við foreldra fara fram í forstofu leikskólans, á skrifstofu deildarstjóra eða fundarherbergi, gegnum Karellen, tölvupóst og með upplýsingum á töflu við inngang á deild.

## Starfsmannamál leikskóladeildar

Mikil fjölgun leikskólabarna kallar á aukið starfshlutfall þannig að nú eru alls 5,5 stöðugildi við leikskólann. Deildarstjóri er leikskólakennari að mennt í 100% stöðu og stýrir faglegu starfi. Aðrir starfsmenn eru í 4,5 stöðugildum, sjá lista yfir starfsmenn á bls. 14 . [Hér](#) má sjá skóladagatal leikskólans fyrir skólaárið 2021-2022

## Faglegar áherslur leikskólans

Leikskólinn starfar eftir námskrá leikskóladeildarinnar sem byggir á Aðalnámskrá leikskóla 2011. Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla starfar eftir kenningum bandaríska heimspekingins og uppeldisfræðingsins, John Dewey og kenningum sovéska sálfræðingsins Lev S. Vygotsky.

Dewey taldi að félagslegar athafnir barnsins væru lykillinn að námsgreinunum. Frjáls leikur er hafður í hávegum þar sem leikur er helsta námsleið barnsins. Efniviður leikskólans tengist umhverfi barnsins. Dewey taldi skólann vera samfélag í smækkaðri mynd, grundvallað á lýðræðislegum samskiptum. Virkja skal athafnaþörf og sköpunargáfu barnsins. Dewey taldi barnið fært um að læra af eigin reynslu og áhuga. Að læra með því að framkvæma, eru einnkunnarorð í kenningum hans.

Vygotsky setti fram kenningar um tengsl milli máls og hugsunar; að tungumálið væri aðalverkfæri hugans og um mikilvægi þess fyrir þróun hugsunar. Hann lýsir því hvernig maðurinn, í gegnum tákni túlkar og skilur umhverfi sitt, t.d. með hjálp tungumálsins. Vygotsky sagði að kennsla ýtti undir þroska og væri nauðsynleg fyrir hann. Samkvæmt kenningum Vygotsky er talið að drifkrafturinn sem ýtir undir þroska barna, komi utan frá og sé þess vegna fólgin í samskiptum við aðra. Hann taldi að hægt væri að ná barni af einu getustigi yfir á það næsta, með hjálp frá öðrum sem kunna meira.5 Þróun á þroskasviði vitsmuna á rætur að rekja til félagslegra samskipta. Hlutverk kennarans er að leiða börnin í þekkingarleit þeirra, þannig að börnin tengi reynslu sína við nýja uppgötvánir. Umhverfi barnanna þarf að vera skipulagt með tilliti til áhugasviða og þarfa þeirra  
Helstu markmið leikskólans eru:

- 1) Að auka hreyfingu barna og að þau læri að njóta hennar.
- 2) Að börnin kynnist og læri að virða náttúruna og umhverfi sitt, og njóta hvorutveggja.
- 3) Að efla félagsfærni barnanna.

Þessi markmið tengjast menningu í samfélaginu okkar. Við höfum aðgang að fjöru, mólendi, fjöllum, kjarrlendi. Melrakkaslétta og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum er í næsta nágrenni. Þannig getum við tengt öll markmiðin saman, að njóta hreyfingar og náttúru, og

efla félagsfærni. Félagsleg samskipti eru forsenda þess að geta leikið með öðrum. Að ráða yfir ákveðinni færni til að taka þátt í félagslegum samskiptum má nefna félagsfærni. [Á heimasíðu](#) má nálgast nánari upplýsingar um starfsemina. Deildarstjóri hefur réttindi til að leggja fyrir skimanir á borð við HLJÓM-2 og MIO.

## Fjölbreyttur nemendahópur

Við þurfum sífellt að endurskoða skólastarfið með margbreytileika nemenda í huga. Við reynum enn frekar að koma til móts við ólíkar þarfir með sérstöku skipulagi og í samráði við skólaþjónustu sem kemur til okkar einu sinni í mánuði.

## Minnislisti við móttöku nýrra nemenda

Forráðamaður innritar nemandann hjá skólanum í gegnum síma eða tölvupóst. Ef fyrsta árs nemandi var í leikskóladeild Öxarfjarðarskóla, innritast hann sjálfkrafa í grunnskólann nema foreldrar tilkynni um flutning.

- Umsjónarkennarar boða til fundar með nemandanum, forráðamönnum og skrá niður hvað var farið yfir og fylgja síðar móttökunni eftir.
  - Skipulag og starfsemi skólans útskýrð
  - Stefna skólans og uppeldisstefna kynnt
  - Skólareglur og helstu starfshættir kynntir
  - Stundaskrá útskýrð
  - Skóladagatal útskýrt
  - Fyrirkomulag íþrótta (sund og leikfimi) skipulagt
  - Valgreinar útskýrðar
  - Áhugasvið nemandans
  - Samstarf heimilis og skóla
  - Upplýsingar um heilsufar.
  - Tómstundastarf
  - Fyrsti skóladagurinn ákveðinn.
- Samskipti við heilsugæslu. Er bólusetningum lokið?
- Helstu upplýsingum um nýjan nemanda komið til allra starfsmanna skólans - Umsjónarkennari sér um að koma upplýsingum til annarra kennara.
- Upplýsingar um nemanda vegna slysa og bráðaveikinda, ofnæmis o.þ.h.
  - Kynna helstu atriði í öryggisáætlun.

## Nemendafélag/nemendaráð

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendaráð hvers skóla setur sér starfsreglu, meðal annars um kosningu í stjórn félagsins.

**Veturinn 2021-2022 eru eftirfarandi í nefndum og ráðum:**

Formaður nemendaráðs: Lilja Dröfn C Arnbjörnsdóttir 9.bekk

Varaformaður: Katla Björk Víkingsdóttir 9.bekk

Nemendaráð	Fjáröflunarnefnd	Skemmtinefnd
Carl Mikael	Björn Ófeigur	Sóley Marie
Katla Björk (formaður)	Sylvía	Isabella Ásrún
Sigurgeir	Jón Emil	Francisco
Lilja Dröfn (varaformaður)	Díana (formaður)	
Sigurður	Bergsteinn	

## Skólaakstur

Á svo víðfeðmu svæði sem skólasvæði Öxarfjarðarskóla er mikilvægt að skipuleggja kennslu með alla aldurshópa og skólaakstur í huga. Helstu akstursleiðir eru nú:

- Reistarnes-Kópasker-Sandfellshagi-Lundur
- Lón-Lundur
- Gilsbakki - Lundur

Einnig er ekið frá Tóvegg í veg fyrir skólabíl á leiðinni Lón-Lundur

## Skólabílstjórar:

Ágústa Ágústsdóttir, Reistarnes-Kópasker-Sandfellshagi-Lundur s: 862-7708

Kristinn Rúnar Tryggvason, Lón – Lundur s: 846-3835

Hafsteinn Hjálmarsson, Gilsbakki - Lundur s: 897-2254

## Tímasetning skólabíla

- Frá Lóni kl. 7:45 alla daga
- Frá Kópaskeri kl. 7:37 alla daga
- Skólabílar fara frá Lundi mánudaga til fimmtudaga kl 15:15.
- Föstudaga leggja skólabílar af stað frá Lundi kl 12:05.

## Reglur í skólabílum:

### Samþykktar af foreldraráði, bílstjórum og skólayfirvöldum.

- Sýna ber samferðafólki kurteisi og tillitsemi
- Nemendur skulu vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur á morgnana
- Foreldrum ber að tilkynna skólabílstjóra forföll með góðum fyrirvara
- Nemendur eiga alltaf að nota tiltæk öryggisbelti í skólabílum

- Skóla- og umgengnisreglur gilda einnig í skólabílnum
- Sýna ber ýrústu aðgát þegar farið er í og úr skólabíl, einkum við götu eða þjóðveg
- Endurskinsmerki eru sjálfsagt öryggisatriði í skammdeginu

## Ófærð – afboðun skóla

Skólabílstjórar eru einir færir um að meta aðstæður hvað varðar færð á vegum vegna veðurs. Þeir koma skilaboðum til skólastjóra eins fljótt og unnt er til að hægt sé að afboða skóla sem fyrst þann dag. Ef veðurútlit er slæmt fyrir næsta dag eru foreldrar beðnir að fylgjast með skilaboðum í **messengerhópum deilda** að morgni dags ef afboða þarf skóla eða seinka um tiltekinn tíma.

## Tilhögun kennslu

Kennsla fer fram frá 8:20 til 15:10 alla virka daga nema föstudaga, þá lýkur skóla kl 12:00. Kennt er í klukkutíma lotum. Leikskóladeild er opin frá kl. 7:45 til 16:00 alla virka daga.

Um samkennslu árganga er að ræða í grunnskóladeild. Kennt er tveimur námshópum, 1. - 4. bekk, og 4. –9.bekk. Í list- og verkgreina tímum eru hóparnir smærri.

## Samþætting námsgreina og kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir skulu vera sem fjölbreyttastar. Með þeim skal leitast við að koma til móts við mismunandi námsgetu, námsþarfir, námshætti og áhugasvið nemenda og gera námið lifandi og áhugavert. Unnið verður að samþættingu námsgreina út frá hæfniviðmiðum. Við munum áfram hafa á stundaskrá samþættingu námsgreina. Þar vinna nemendur saman í litlum hópum, þvert á aldur og þvert á námsgreinar. Mikilvægt er að skólastarf miði að því að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi og færa um að afla sér þekkingar á eigin spýtur og veita tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á alhliða hæfni nemenda krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Samþættingu er hægt skilgreina þannig að ákveðið viðfangsefni er tekið til meðferðar og það athugað frá mörgum hliðum. Þegar nám er skipulagt á þennan hátt leiðir það til, samvinnu og samþættingu námsgreina og efnis skilgreint í víðu samhengi og eflir læsi nemenda á umhverfi sitt. Nemendur vinna saman í hópum að ýmsum verkefnum tengdum.

Öxarfjarðarskóli er rekinn sem heildstæður skóli. Um lengda viðveru er að ræða hjá yngsta stigi og miðstigi þar sem allir nemendur fara heim á sama tíma. Í lengdri viðveru verðum við með frístundastarf fyrir yngstu nemendur í umsjón skólaliða.

## Námsgögn

Nemendur fá allar námsbækur að láni og eiga að skila þeim að notkun lokinni. Fara verður vel með bækurnar, því þær þarf að nota aftur. Verkefnabækur fá nemendur til eignar. Einnig fá nemendur stílabækur og ritföng til afnota í skólanum. Nemendur á unglíngastigi hafa hver um sig spjaldtölvu í eigu skólans til afnota á skólatíma.

## Leyfi, veikindi og forföll nemenda

- Veikindi nemenda eiga foreldrar/forráðamanna að tilkynna milli kl. 8:00 og 8:30 í síma skólans.
- Leyfi í tvo daga sækja foreldrar/forráðamenn um til umsjónarkennara. Leyfi í þrjú daga eða lengur þarf að sækja um til skólastjóra.
- Öll röskun á námi nemenda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra/forráðamanna. Eigi nemendur ekki að fara í íþróttir eða út í frímínútur þurfa foreldrar/forráðamenn að láta vita í skólann.

## Skólamötuneyti

Gott og heilsusamlegt mötuneyti er í skólanum þar sem eldað er á staðnum og borða nemendur og starfsfólk á sama tíma. Maturinn er eldaður af matráði skólans og borða nemendur á tveimur stöðum; eldri leikskólanemendur í matsal en þeir yngri inni á leikskóladeild. Grunnskólanemendur borða í matsal.

Nemendur borða morgunmat í skólanum á milli kl. 9:20 - 9:40 í grunnskólanum en leikskólabörn frá 8:30 - 9:00. Öllum nemendum boðið upp á ávexti í morgunverðartíma. Hádegisverður er frá kl. 11:45 fyrir leikskólanemendur en frá 12:00-12:30 fyrir grunnskólanemendur. Matseðlar eru sendir í tölvupósti heim til foreldra.

## Sundnámskeið

Sundkennsla hefur verið í formi námskeiðs bæði haust og vor. Kennt verður út september en í október er ætlunin að keyra eldra stigið til Raufarhafnar einu sinni í viku og nýta þar innisundlaugina sem opin er allan ársins hring. Ef veður leyfir á sundnámskeiðum reynum við að gefa leikskólabörnum tækifæri til að prófa sundlaugina undir handleiðslu íþróttakennara og starfsfólks leikskólans.

## Starfsfólk

Ásta Helga Viðar  
Birkir Gunnarsson  
Christoph Wöll  
Cornelia Spandau  
Elisabeth Hauge

Starfsmaður leikskóladeildar  
Umsjónarkennari á eldra stigi  
Umsjónarkennari á eldra stigi  
Íþróttakennari og umsjónarkennari á eldra stigi  
Deildarstjóri leikskóladeildar

Eyrún Egilsdóttir	Starfsmaður leikskóladeildar
Guðlaug Anna Ívarsdóttir	Starfsmaður leikskóladeildar
Guðný María Sigurðardóttir	Matráður
Guðrún Lilja Curtis	Skólaliði
Hrund Ásgeirsdóttir	Skólastjóri
Hulda Hörn Karlsdóttir	Matráður/Ráðskona
Jennifer Patricia Please	Umsjónarkennari á yngra stigi
Jóhanna Kristín Björnsdóttir	Starfsmaður leikskóladeildar
Jónas Þór Viðarsson	Smíðar, samsöngur, kór og kennsla með eldra teymi
Kristján Ingi Jónsson	Umsjónarkennari á eldra stigi og umsjón með tölvuveri
Róbert Karl Boulter	Starfsmaður leikskóladeildar
Signe Ann-Charlotte Fernholm	Umsjónarkennari á yngra stigi
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir	Skólaliði
Silja Rún Stefánsdóttir	Starfsmaður leikskóladeildar
Vigdís Sigvarðardóttir	Umsjónarkennari á yngra stigi

## Móttaka nýrra starfsmanna

Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að nýjum starfsmanni sé veitt viðeigandi fræðsla samkvæmt móttökuáætlun. Tilgangurinn með [móttökuáætlun](#) er að kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað. Á hverju hausti skal halda kynningu fyrir nýja starfsmenn.

## Þagnarskylda starfsmanna

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla kemur fram að starfsfólk skal gæta ýtrustu þagnarmælsku um hagi barnanna og foreldra/forsjáraðila þeirra, sem starfsfólkið fær vitneskju um í starfi sínu. Starfsfólk skólans undirritar samning um að halda fullum trúnaði og virða þagnarskyldu. Þagnarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum. Þagnarskylda nær þó ekki til atvika sem starfsmaður telur að ógni hagsmunum barnsins, og ber í þeim tilvikum að tilkynna þau til viðkomandi barnaverndaryfirvalda.

## Ráð og teymi

### Skólaráð Öxarfjarðarskóla

Sveitarstjórn getur ákveðið að **skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla** starfi sameiginlega í einu ráði í samreknnum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Í Öxarfjarðarskóla heitir ráðið skólaráð.

Skólaráð er mikilvægur vettvangur í því að koma sjónarmiðum sem flestra á framfæri og tryggja samráð við þá sem koma að málefnum skólans áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Í því er skólastjóri og stýrir hann fundum, auk hans er fulltrúi foreldra, fulltrúi leikskólakennara, fulltrúi kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, fulltrúi nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags. Þátttaka nemenda í skólaráði byggir á því að börn eiga rétt á því að koma skoðunum sínum á framfæri í málum sem þau varða en það er í samræmi við 12. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kosið er í skólaráð í 8.-10. bekk. Kosið er til tveggja ára í senn þannig að einn nýr fulltrúi kemur á hverju hausti.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins. Skólaráð fær skólanámskrána og ýmsar áætlanir um starf skólans til umsagnar en fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Eftirfarandi sitja í skólaráði:

**Hrund Ásgeirsdóttir**, skólastjóri

**Christoph Wöll** fulltrúi grunnskólakennara

**Elisabeth Hauge**, fulltrúi leikskóla

**Guðlaug Anna Ívarsdóttir**, fulltrúi starfsmanna á leikskóla

**Thomas Helmig**, fulltrúi foreldra barna á grunnskólastigi

**Charlotta Englund**, fulltrúi foreldra barna á leikskólastigi

**Fulltrúi nemenda er formaður nemendaráðs hverju sinni**

#### *Funda- og starfsáætlun skólaráðs Öxarfjarðarskóla 2021-2022*

Dags.	Dagskrá:
október OPINN FUNDUR	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fundaskipulag skólaráðs</li> <li>• Starfsáætlun skólans</li> <li>• Sjálfsmatsskýrsla 2020-2021 og umbótaáætlun skólaársins</li> <li>• Skipulag og áherslur skólaársins</li> <li>• Kennsluskipulag, námsvísir (lotur) og námsgagnatorgið</li> <li>• Viðburða- og skóladagatal</li> <li>• Starfsmannahald</li> <li>• Nefndir og ráð skólaársins</li> <li>• Önnur mál.</li> </ul>
febrúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öryggi og aðbúnaður - Öryggishandbók, skólahúsnæði, skólalóð og forvarnaráætlun.</li> <li>• Innra mat á skólastarfi- kynning á niðurstöðum spurningakannana og umræða um úrbætur - rýnihópar með foreldrum.</li> <li>• Heimasíðan sem miðlun upplýsinga til foreldra</li> <li>• Skóladagatal 2022-2023 fyrstu drög til umræðu</li> <li>• Önnur mál</li> </ul>
apríl/maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Innra mat á skólastarfi-greinargerð</li> <li>• Niðurstöður starfsmannasamtala.</li> <li>• Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana.</li> <li>• Undirbúningur fyrir næsta skólaár.</li> <li>• Önnur mál.</li> </ul>

#### **Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla**

Nemendaverndarráð starfar eftir [reglugerð frá Menntamálaráðuneytinu](#). Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi



skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs. Samkvæmt þingsályktun eiga allir grunnskólar að hafa skipað forvarnarteymi fyrir árslok 2021 (*teymið hafi það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda*). Með vísan í mögulega skipan þess var ákveðið að nemendaverndarráð skólans væri í senn það forvarnarteymi. Um tilurð þess og hlutverk [má lesa hér](#).

## Skipan nemendaverndarráðs

Skólastjóri, umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi sérfræðiþjónustu sveitarfélags og náms- og starfsráðgjafi. Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Fundir nemendaverndarráðs eru þrisvar sinnum að vetri en oftár ef þess þarf. Skólastjóri sendir út fundarboð með dagskrá og boðar foreldra viðkomandi barna ef þarf.

**Hrund Ásgeirsdóttir**, skólastjóri

**Sólveig Mikaelisdóttir**, sérkennslu- og grunnskólafulltrúi

**Kristey Þráinsdóttir** hjúkrunarfræðingar

**Ingibjörg Sigurjónsdóttir** yfirsálfræðingur hjá Skólapijónustu Norðurbþings

**Umsjónarkennari/sérkennari viðkomandi barns/barna**

Nemendaverndarráð kemur saman að hausti og fer yfir stöðu nemenda. Ráðið mun einnig gegna hlutverki Forvarnarteymis.

## Áfallaráð Öxarfjarðarskóla

Hrund Ásgeirsdóttir, skólastjóri  
Kristján Ingi Jónsson, bráðaliði og kennari  
Jón Ármann Gíslason, sóknarprestur  
Hildur Sigurðardóttir prestur (til vara)  
Sigurður Halldórsson, héraðslæknir

## Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er unnin af skólastjóra í samráði við starfsfólk og utanaðkomandi aðila þegar skipuleggja þarf áfallahjálp barna og starfsfólks Öxarfjarðarskóla, að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð við áföllum eru ákveðin.

Nokkur dæmi um atvik sem valda áfalli

- dauðsföll
- langvarandi og alvarleg veikindi
- slys og afleiðingar þeirra

- félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns s.s. skilnaður, flutningar, vímuefni, atvinnuleysi, ofbeldi og misnotkun.

#### Viðbrögð við áföllum

- skólastjóri leitar staðfestingar á andláti, slysi, veikindum eða öðrum ástæðum
- áfallateymi kallað saman þegar það á við
- starfsmönnum, foreldrum og börnum sagt frá atburðinum
- skólastjóri sér um að upplýsingar berist til heimila
- hlúð er að börnum og starfsfólki skólans eftir atvikum.

Þegar áfall verður í skólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess eða starfsmanni og fjölskyldu hans er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til skólastjóra eða staðgengils hans. Skólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallateymi ef þurfa þykir og skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við og stjórnar aðgerðum.

#### Helstu aðgerðir áfallaráðs við áföllum

- að leita til prests, sálfræðings eða annarra sérfræðinga og stuðningsaðila sem þurfa að koma inn í skólann til aðstoðar.
- meta þarf á hvaða hátt skuli brugðist við með því að safna upplýsingum sem fengnar voru frá fyrstu eða ábyggilegum leiðum
- miðla upplýsingum, útdeila verkefnum og halda utan um þá vinnu.

Skólastjóri er alltaf eini tengiliðurinn við fjölmiðla eða aðila utan skólans ef þeir leita eftir upplýsingum um áföll sem varða börn, fjölskyldur þeirra eða starfsfólk.

## Öryggistrúnaðarmaður

Kristján Ingi Jónsson

## Stoðþjónusta

### Skólaþjónusta

Skólaþjónusta Norðurlands veitir skólanum fjölþætta þjónustu en hluti þjónustunnar s.s. námsráðgjöf og kennsluráðgjöf er keyptur af [Ásgarði](#) sem sér um alhliða ráðgjöf fyrir skóla. Hlutverk skólaþjónustunnar er að veita ráðgjöf samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla.

Lög um grunnskóla nr.91/2008 og Lög um leikskóla nr. 90/2008

Meginviðfangsefni þjónustunnar er að styrkja skóla og starfsemi þeirra með skimunum, greiningum, ráðgjöf og eftirfylgni.

Meðal verkefna skólaþjónustunnar er þjónusta vegna:

- almennra námsörðugleika
- lestrar- og stærðfræðiörðugleika
- félags- og tilfinningalegra örðugleika
- skólagöngu fatlaðra
- vanda sem tengist einstökum nemendum eða bekkjardeildum
- fræðslu við foreldra og starfsmenn skóla
- mál- og tal örðugleika

### **Starfsfólk skólalþjónustu Norðurlands er:**

**Sálfræðingar:** Anný Peta Sigmundsdóttir - [annypeta@nordurthing.is](mailto:annypeta@nordurthing.is) og

Ingibjörg Sigurjónsdóttir - [ingibjorg@nordurthing.is](mailto:ingibjorg@nordurthing.is)

Kristín Heimisdóttir sálfræðingur þjónustar Öxarfjarðarskóla - [kristinheimissal@gmail.com](mailto:kristinheimissal@gmail.com)

**Sérkennsluráðgjafi:** Sólveig Mikaelisdóttir – út október/nóvember

### **Starfsfólk Ásgarðs:**

**Námsráðgjafi:** Ágústa Björnsdóttir [agusta@ais.is](mailto:agusta@ais.is)

**Iðjuþjálfari og sérkennsluráðgjafi á leikskóla:** Erla Björk Sveinbjörnsdóttir [erla@ais.is](mailto:erla@ais.is)

**Kennsluráðgjafi:** Anna María Þorkelsdóttir - [annamaria@ais.is](mailto:annamaria@ais.is)

### **Keldan**

Keldan er úrræði í snemmtækri íhlutun fyrir börn og ungmenni þar sem þau ásamt foreldrum og fagaðilum sameinast í teymi til að veita aðstoð í daglegu umhverfi eða í skóla. Sjá nánar á <https://www.nordurthing.is/is/thjonusta/felagsthjonusta/keldan>

### **Starfsfólk Keldunnar**

**Fjölskylduduráðgjafi:** Tinna Ósk Óskarsdóttir [tinna@nordurthing.is](mailto:tinna@nordurthing.is)

**Sálfræðingur:** Ingibjörg Sigurjónsdóttir [ingibjorg@nordurthing.is](mailto:ingibjorg@nordurthing.is)

**Félagsráðgjafi:** Steinunn Jónsdóttir [steinunn@nordurthing.is](mailto:steinunn@nordurthing.is)

### **Barnavernd**

Sigríður Valdimarsdóttir

Anna María Leifsdóttir

### **Skólaheilsugæsla**

Skólaheilsugæsla er á vegum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands - HSN Húsavík. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum Landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Nánari upplýsingar um starfsemi skólaheilsugæslunnar má nálgast á Heilsuvefnum.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn.

Skólahjúkrunarfræðingur er Kristey Þráinsdóttir og mun hún hafa fasta viðveru í skólanum þriðja miðvikudag í hverjum mánuði og fyrsta heimsókn er 15.september.

**Kristey Þráinsdóttir** hjúkrunarfræðingur [kristey.thrainsdottir@hsn.is](mailto:kristey.thrainsdottir@hsn.is)

## Foreldrafélag

Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Foreldrafélag starfar við skólann og stjórn mynda fulltrúar fyrir hvert stig. Nýja stjórn skipa:

Berglind Ýr Ingvarsdóttir fulltrúi leikskólabarna

Eyrún Ösp Skúladóttir fulltrúi yngsta stigs

Guðrún Jónsdóttir fulltrúi miðstigs - formaður

Einar Ófeigur Björnsson er fulltrúi unglingastigs

## Samstarf Öxarfjarðarskóla við Tónlistarskólann á Húsavík

Formlegt samstarf við Tónlistarskólann á Húsavík hófst haustið 2011. Kennarar við Tónlistarskólann munu, skólaárið 2021-2022, koma einn dag í viku og kenna á hin ýmsu hljóðfæri.

**Tónlistarkennarar:** Ervin Sokk og Piret Pajusaar

## Samstarf við Grunnskóla Raufarhafnar

Frá upphafi skólaárs 2021-2022 er sami skólastjóri yfir Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar og með því móti verður unnið að samvinnu og samstarfi skólanna á ýmsan hátt. Nemendur koma vikulega í íþróttir/sund, verk- og listgreinar auk þess að vinna saman í samþættum verkefnum þvert á skóla og aldur. Í september koma nemendur frá Raufarhöfn tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum meðan á sundnámskeiði stendur. Í október verður farið með helming nemenda í einu á eldra stigi til Raufarhafnar á fimmtudögum og haldið áfram með sundkennslu, ensku, myndmennt o.fl. Þá munu skólarnir aftur vinna saman að árshátíð eins og gert var í fyrsta sinn á síðasta skólaári. Fyrirhugað er sameiginlegt skólaferðalag í vetur.

## Flæði milli skólastiga

Í Öxarfjarðarskóla á sér stað mikið flæði milli leik- og grunnskólastigs. Leikskólabörnin fá íþróttatíma og koma inn einu sinni í viku í grunnskóladeild í verkefnið, *Brúum bilið*. Þar takast þau á við ýmis verkefni með nemendum á yngsta stigi grunnskólans s.s Byrjendalæsisverkefni.

## Val á unglíngastigi - haustönn

### Snillismiðja

Nemendum eldra stígs býðst val í snillismiðju tvisvar í viku. Snillismiðja er hugtak sem byggt er á því enska “Makerspace” og er hugsað sem rými og tækifæri fyrir nemendur til að vinna að allskonar sköpun. Áhersla er á STEAM, þ.e. vísindi (science), tækni (technology), verkfræði (engineering), listir (arts) og stærðfræði (math). Makerspace hugmyndafræðin er að efla sköpun og uppbyggingu á hæfni sem kennd er við 21. öldina. Eitt af markmiðunum er að hönnun og sköpun verði tengd inn í allt nám, ekki bara kennt í sérstökum kennslustundum.

Hugmyndin er að með tímanum byggist upp aðstaða með margs konar búnaði. Skólinn eignaðist á síðasta ári tæki sem er þrívíddarprentari, laserskeri og lítill fræsari. Skipt er um haus á tækinu eftir því hvað á að nota. Tækið er tölvustýrt svo það þarf að byrja á að hanna og skipuleggja í tölvuforritum það sem tækið á svo að skila frá sér.

Snillismiðja snýst ekki bara um tækni. Hugmyndin er að þarna fái nemendur líka útrás fyrir ýmis konar föndur. Við eigum t.d. búnað til að setja saman skúlptúra úr bylgjupappa og sléttum pappa. Okkar von er að geta búið til vettvang fyrir nemendur til að hanna, skapa og kynna um leið fjölbreyttri tækni, þar sem nemendur fái að njóta sín á eigin forsendum. Með tímanum sjái svo nemendur og kennarar tækifæri til að flétta snillismiðju inn í sem flestar námsgreinar. Snillismiðjan er á stundatöflu tvisvar í viku; á mánudögum og fimmtudögum.

### Tölvuleikjahönnun - Unity

Námið fer fram í Ásgarði - skóla í skýjunum. Nemendur hanna og búa til tölvuleik með tölvuforritinu Unity. Forritið er nýtt til að hanna tölvuleiki, í bíómyndagerð, vörubrún, hönnun og margt fleira. Sævar Þór Pálsson sér um kennsluna en hann starfar sem tölvuleikjahönnuður í Noregi. Samþætting í upplýsingatækni, íslensku og lykilhæfni. Kennsla hefst fimmtudaginn 2.september og stendur til 9. desember. Kennt er í 40 mínútur í senn og ætlast er til þess að nemendur vinni aðrar 40 mínútur á móti (í skólanum eða heima). Nemendur vinna saman í gegnum Námsgagnatorg Ásgarðs. Námskeiðið endar með kynningu á afrakstri nemenda

### Kórstarf

Öllum nemendum skólans býðst að taka þátt í kórsöng einu sinni í viku á mánudögum undir leiðsögn Jónasar Þórs sem einnig sér um samsöng í gryfju tvisvar í viku á mánudags- og þriðjudagsmorgnum en þar safnast saman nemendur leik- og grunnskóla.

## Þróunarstarf og endurmenntun

Í vetur verður eins og áður segir farið í innleiðingu teymiskennslu í Öxarfjarðarskóla. Lagt verður meira upp úr samþættingu námsgreina sem tengjast grunnþáttum menntunar og

hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Notast verður m.a. við Námsgagnatorg Ásgarðs <https://ais.is/namsgogn/> sem veitir einnig kennsluráðgjöf.

## Samstarf við Þekkingarnet Þingeyinga

Þekkingarnet Þingeyinga býður upp á snjallkistur sem innihalda kennslugögn sem ætluð eru til að kenna og auka færni nemenda í forritun, kóðun, rafmagnsfræði, rýmisgreind, rökhugsun o.fl. sem allt byggir undir tækniþekkingu og færni barna, viðheldur eðlislægri forvitni þeirra og frumkvöðlahæfileikum. Í kistunni er einnig er að finna vinylskera og hitapressu, þar sem hægt er að búa til veggglímiða, stensla, fatamerkingar o.fl. sem hugmyndaflugið leyfir. Tæknin á bakvið notkunina á vinylskeranum er til að mynda sú sama og notuð er hjá trésmíðafyrirtækjum við fræsara.

Snjallkistan stendur öllum grunnskólum á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga til boða og hefur verið kynnt skólunum, en hún mun ganga á milli skólanna samkvæmt samkomulagi þar um <https://hac.is/rannsoknir/snjallkistan/>

## Starfsþróun

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þætti sem falla beint að stefnu skólans og lögbundinni skyldu hans. Hinsvegar er um að ræða persónulega starfsþróun hvers og eins sem þó ber að falla að stefnu skólans.

### Starfsþróunarverkefni skólaársins 2021 - 2022

Hvað	Hverjir	Hvenær
Teymiskennsla	Grunnskólakennarar	september
Skyndihjálparnámskeið	Allir starfsmenn	Október/nóvember
Kennsluhættir í anda samþættingu námsgreina og hæfnimiðaðs náms	Grunnskólakennarar Námsgagnatorgið!	Allt skólaárið
Öryggi á vinnustað-áætlanir og æfingar	Allir	nóvember
Upplýsingatækni og forrit sem styðja við þróunarverkefni skólans	Kennarar	Allt skólaárið
Starfendarannsóknir, kennslustundarýni: <ul style="list-style-type: none"><li>• Kennarar heimsækja hvorn annan með matslista</li><li>• Stjórnandi situr kennslustundir með gátlista</li><li>• Samtöl í kjölfar heimsókna</li></ul>	Kennarar og skólastjóri	Jafningjamat einu sinni á önn. Innlit skólastjóra tvisvar yfir skólaárið.
Jákvæður agi	Allir starfsmenn	Allt árið

Innra mat - kynning á vinnu matsteymis og tenging við innleiðingu skólastefnu Norðurþings.	Allir starfsmenn	Nóvember
--------------------------------------------------------------------------------------------	------------------	----------

## Aðstaða og búnaður

Í haust þurfti að fara í innanhússbreytingar vegna mikillar aukningar barna á leikskóladeild. Nú hefur leikskóladeildin þrjár stofur en bæta þarf úr rými fyrir vagnageymslu og er það á framkvæmdaáætlun. Skólinn er ágætlega settur með tölvubúnað en til stendur þó að bæta þar við til að hægt sé að þjónusta nemendur sem best og til samræmis við nýendurskoðaða skólastefnu Norðurþings. Þá stendur til að bæta úr heimilisfræðiaðstöðu í haust.

## Innra mat

Það er metnaðarmál í Öxarfjarðarskóla að allir þættir mats á leik- og grunnskólastigi taki mið af skýrum gæðaviðmiðum. Gæðaviðmið skólans eru í vinnslu matsteymis og verða sett fram jafnóðum og þau eru tilbúin og samþykkt. Þau byggja á gæðaviðmiðum menntamálayfirvalda um gæða skólastarf. Innra mat er samofið öllu skólastarfi og stöðugt til umfjöllunar í öllu skólastarfi skólans. Kennarar, nemendur, foreldrar og fræðsluyfirvöld eru meðvitaðir um með hvaða hætti skólastarfið miðar stöðugt að því að uppfylla eigin gæðaviðmið.

Starfsárið 2021-2022 eru helstu viðfangsefni innra mats að sinna umbótum í námi og kennslu/uppeldis- og menntastarfi og leggja fyrir kannanir meðal nemenda, starfsmanna og foreldra. Í vetur mun matsteymi skólans endurskoða langtímaáætlun um innra mat og ársáætlun og í júní 2022 verður tilbúin innra matskýrsla ásamt umbótaáætlun næsta skólaárs. Meira um mat á skólastarfinu má [lesa hér á heimasíðu](#).

## Ytra mat – Úttekt

Eitt af lögbundnu verkefnum sveitarfélagsins er að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla og ytra mat sveitarfélags, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. (37. gr. laga um grunnskólalög og 19. gr laga um leikskóla). Menntamálaráðuneytið fól fulltrúum sínum að vinna úttekt á Öxarfjarðarskóla haustið 2019. Hér á heimasíðu má kynna sér [skýrsluna](#) og [umbótaáætlun](#) sem var gerð í kjölfarið. Staða umbóta er metin reglulega með eftirfylgni Menntamálaráðuneytis og síðasta mat og greinargerð skólans var send 1. mars 2021 og má [skoða hér](#).

## Fundir, undirbúnings- og starfsdagur

Dags.	Dagskrá
16.8	Skipulag og undirbúningur
17.8	Námsáætlanir
18.8	Faglegt samstarf - teymi
19.8	Faglegt samstarf - teymi
20.8	Samþætting
23.9	Námskeið - Teymiskennsla
11.10	Undirbúningur fyrir foreldrasamtöl. Endurmenntun - Teymiskennsla - heimsókn í Þingeyjarskóla
3.1	Skipulag og undirbúningur lotu
18.2	Skipulagsdagur leik- og grunnskóla. Endurmenntun - Jákvæður agi/samskipti
4.3	Undirbúningur fyrir foreldrasamtöl - Undirbúningur fyrir Vogleði
23.5	Frágangur námsmats - skólaslit
24.5	Tiltekt og frágangur, skilafundir fyrir næsta skólaár
25.5	Tiltekt og frágangur
27.5	Tiltekt og frágangur

### Skipulag kennara- og starfsmannafunda

Fastir fundir kennara verða annan hvern mánudag frá kl. 15:15. Fundir með öllu starfsfólki (kennarum, skólaliðum, leikskólakennurum o.fl eru eftir þörfum og eru þá á mánudögum í stað kennarafundar, u.þ.b. einu sinni á mánuði) Farið er þá yfir það sem framundan er á



komandi mánuði og viðburðir skipulagðir í sameiningu. Kennarar velja í byrjun árs hvaða viðburði þeir hafa ábyrgð á og leita til annarra starfsmanna þegar þarf. Ef engir viðburðir eru framundan í mánuði er sett upp tillaga að umræðu.

## Fundaáætlun starfsmannafunda

Á öllum fundum er farið yfir komandi mánuð og starfsmenn upplýstir um það sem framundan er. Hér fyrir neðan má sjá önnur mál sem verða rædd.

Dags	Efni fundar	Tegund funda
17.8	Skipulag yfir árið, lotur- samþætting	Starfsmannafundur
6.9.	Innra mats teymi - Gæðaráð	Kennarafundur
13.9.	Dagur náttúrunnar - undirb. Kynning á skólaþjónustu og Keldu	Starfsmannafundur
20.9.	Tilgangur og markmið verkefna - vikuleg fréttabréf. Árshátíðarundirbúningur	Kennarafundur
4.10.	Gæðaráð - árshátíðarundirbúningur	kennarafundur
18.10.	Árshátíðarundirbúningur	Starfsmannafundur
25.10	Árshátíðarundirbúningur – innra mat /undirbúningur spurningakannana fyrir nemendur og foreldra	Kennarafundur
4.11	Undirbúningur nýrrar lotu, innra mat, skólanámskrá, skólaráð	Starfsmannafundur
8.11.	Árshátíðarundirbúningur	Kennarafundur
6.12	Jákvæð samskipti á vinnustað / fyrirlestur og vinnustofa	starfsmannafundur
3.1.	Ný lota hefst – Undirbúningur / Jákvæður agi	starfsmannafundur
17.1.	Teymisvinna - leshringur	kennarafundur
18.2.	Jákvæð samskipti á vinnustað – framhald vinnustofu	starfsmannafundur

28.2.	Undirbúningur spurningakannana leik- og grunnskóla v/innra mats. Undirbúningur foreldrasamtala	starfsmannafundur
14.3.	Vorgleði - undirbúningur lotu	kennarafundur
28.3.	Vorgleði – vinna við undirbúning	kennarafundur
25.4.	Undirbúningur lotu	kennarafundur
2.5.	Atvinnuþemadagar og námsmat	kennarafundur
16.5.	Uppgjör deilda	starfsmannafundur

Vinnufundir og teymisfundir eru á mánudögum, eftir þörfum, þegar ekki er kennara- eða starfsmannafundur. Kennarar skipuleggja vinnufundi og teymisfundi sín á milli eftir þörfum.

## Öryggi og varnir

Öryggisráð skólans skipa: Öryggistrúnaðarmaður, deildarstjóri leikskóla og skólastjóri

Stefnu Öxarfjarðarskóla og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna má finna hér:

[Stefna Öxarfjarðarskóla og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna](#)

Hér má finna stefnu um öryggi og velferð barna:

### [Öryggi og velferð barna 2021](#)

Rýmingaráætlanir vegna elds, jarðskjálfta og annarri náttúruvá.

[Hér er rýmingaráætlunin](#)